



Tíðindin  
21.júní 2007

## Lendingar-keppni

Þriðjudagskvöldið 12.júní hélt Flugmódfélag Suðurnesja sína árlegulendingarkeppni á Arnarvelli. Ágætis veður var en þó var stíf gola og hliðarvindur á braut sem gerði keppnina þeim mun meira spennandi.

Eins og nafnið gefur til kynna er keppt í marklendingum og eru flognar 3 umferðir með 3 tilraunum í hverri umferð. Alls mættu 10 keppendur til leiks svo dómari og stigavörður máttu fylgjast með 90 lendingum áður en úrslit urðu ljós og reyndar fleiri þar sem bráðabana þurfti til að skera úr um 1.sæti og 6.sæti.

Keppendur komu úr 3 félögum, Flugmódfélagi Suðurnesja, Flugmódfélaginu Þyt og einn frá Flugmódfélagi Akureyrar en hann lagði um 575 km að baki til að komast á mótið, engum sögum fer af heimför hans.

Keppendur frá Flugmódfélagi Suðurnesja máttu vel við una en þeir lento í 1., 2., 4., 7., og 9.sæti.

Ítarlegri frásögn og myndir má finna á heimasíðu félagsins, [www.modelflug.net](http://www.modelflug.net)